



Alþingi
Erindi nr. P/139/844
komudagur 9.12.2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 9. desember 2010.

Efni: umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 313. mál, þskj. 380, lþ. 139.

Með tölvubréfi sem barst síðla dags 7. desember óskaði efnahags- og skattanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 313. mál, þskj. 380, lþ. 139. lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (rafræn þjónustu sala og eftirlit vegna áætlana), 208. mál, þskj. 227, lþ. 139. Þess var óskað að umsagnir bærust fyrir 21. desember. Með tölvubréfi dags. 8. desember var umsagnarfresti breytt og þess óskað að umsagnir bærust ekki síðar en kl. 12:00 10. desember.

Vegna tímarammans hefur Jafnréttisstofa ekki tók á að fara ítarlega í saumana á þeim tillögum sem koma fram í frumvarpinu. Jafnréttisstofu bendir þó á það að gagnlegt og fróðlegt væri að fara í kynjagreiningu á öllu skattkerfinu og samræmist það vinnunni vð kynjaða hagstjórn sem er farin af stað hjá stjórvöldum. Einnig bendir Jafnréttisstofa á það almennt að löggjafarvaldið hafi það alltaf í huga við alla lagasetningu hvort fyrirhuguð löggjöf komi við konur og karla með ólíkum hætti. Sjónarmið um jafnrétti kynjanna þurfa alltaf að vera með þegar ákvarðanir um tilhögun mála í skattkerfinu eru teknar, eins og endranær.

Jafnréttisstofa sér ekki í fljótu bragði að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á hinum ýmsu lögum með því frumvarpi sem hér er til umsagnar snerti konur og karla með ólíkum hætti og gerir því ekki frekari athugasemdir en þær almennu sem tilgreindar eru hér fyrir ofan.

Virðingarfyllst
f.h. Jafnréttisstofu


Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur